

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Reykjavíkurborg fari þess á leit við barna- og menntamálaráðherra að samræmd próf verði tekin upp að nýju í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla í þeim tilgangi að bæta námsárangur grunnskólanema. Samræmdu prófunum fylgi kennsluáttak fyrir þá nemendur sem helst þurfa á því að halda.

Greinargerð

Pisa-kannanir sýna að staða íslenskra grunnskólanema í lestri, stærðfræði og náttúruvísindum er óviðunandi. Nær 50% drengja og þriðjungur stúlkna geta ekki lesið sér til gagns að lokinni 10 ára skólagöngu.

Frá árinu 2009 hefur íslenskur grunnskóli dalað um 64 Pisa-stig í lesskilningi sem nemur rúmlega þremur heilum grunnskólaárum. Ísland er neðst Norðurlandanna í síðustu Pisa-könnun, næstneðst allra Evrópuríkja og í 6. neðsta sæti allra þátttökuríkjana. Hér er því um óvenjulega mikla afturför að ræða á skömmum tíma. Engu að síður er hér rekið eitt dýrasta grunnskólakerfi innan OECD ríkjanna.

Kostnaður við hvern nemanda er 2,7 milljónir á ári eða 27 milljónir allt grunnskólastigið. Þessi kostnaður hefur hækkað umtalsvert á allra síðustu árum. Eistland sem kom best út allra Evrópuríkja og Finnland sem stóð sig best Norðurlandanna upplýsa sína skóla um árangurinn í Pisa-könnunum þannig að hver og einn skóli geti nýtt sér niðurstöðurnar til umbóta í skólastarfi. Þau eru auk þess með samræmd próf eins og nánast allar þátttökupjóðir.

Samræmdur mælikvarði á nám er grundvallarforsenda fyrir framförum í skólastarfi. Mikilvægi samræmdra prófa felst ekki síst í því að þau upplýsa um hvort og þá hvaða markmiðum skólastarfsins sé náð og hvaða markmiðum ekki. Þannig má nýta þau til að greina vandann og stuðla að umbótum í skólastarfi. Þá er framfarastuðull prófanna frá 4.-10. bekkjar mikilvægur til að geta aðstoðað strax þá nemendur sem standa höllum fæti í námi.

Róttækasta breytingin sem gerð hefur verið í íslenskum grunnskóla á síðustu árum felst í afnámi samræmdra prófa. Þær upplýsingar um síðustu Pisa-kannanir sem við höfum aðgang að benda eindregið til þess að afnám samræmdra prófa hafi verið afar misráðið. Því er þessi tillaga lögð fram hér.